



STOFNUN  
VIGDÍ SAR FINNBOGADÓTTUR  
Í ERLENDUM TUNGUMÁLUM

# Ársskýrsla 2022

# EFNISYFIRLIT

Ávarp	3
Stofnunin	4
Samstarf	7
Rannsóknir og verkefni	8
Útgáfa	12
Viðburðir	16
Þakkir	21

# ÁVARP

Starfsemi Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum komst í eðlilegt horf aftur í byrjun árs 2022 eftir heimsfaraldurinn. Ráðstefnur, málþing, fyrirlestrar og vinnustofur voru haldnar í samvinnu við innlendar og erlendar stofnanir. Stofnunin tók ríkan þátt í starfi Vigdísarstofnunar – Alþjóðlegrar miðstöðvar tungumála og menningar, sem er ein af undirstofum Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur og starfar undir merkjum UNESCO. Á vegum Alþjóðlegu miðstöðvarinnar var tungumálasýningin Mál í mótun opnuð formlega þann 22. apríl. Nánar er gerð grein fyrir viðburðum tengdum Alþjóðlegu miðstöðinni í ársskýrslu hennar.

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur gaf út sex rit á árinu og 14. árgangur tímaritsins *Milli mála* kom út í rafrænni útgáfu.

Ég þakka stjórnnum, starfsfólki, bakhjörllum, samstarfsaðilum og velunnurum fyrir stuðning við Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum á liðnu starfsári.

*Ásdís R. Magnúsdóttir, formaður stjórnar Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur*

# STOFNUNIN

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum er ein aðildarstofnana Hugvísindastofnunar Háskóla Íslands og rannsóknarvettvangur kennara í Mála- og menningardeild sem stunda rannsóknir og kennslu í tengslum við þau tungumál sem nú eru kennd við deildina: arabísku, dönsku, ensku, frönsku, grísku, ítölsku, japönsku, kínversku, kóresku, latínu, pólsku, rússnesku, spænsku, sænsku og þýsku.

Rannsóknir stofnunarinnar snúast um erlend tungumál og menningu frá ýmsum sjónarhornum. Helstu rannsóknasviðin eru:

- Menning og tungumál tiltekinna málsvæða, tungumálatengsl og samanburður á menningu og tungumálum í sögu og samtíð.
- Bókmenntir, m.a. bókmenntir einstakra þjóða og málsvæða auk innflytjendabókmennta.
- Málvísindi, m.a. samanburðarmálvísindi, sambýli tungumála, máltileinkun, annarsmálsfræði og orðabókafræði.
- Bókmennta- og nytjapýðingar.
- Þróun kennslufræði og kennslugagna og notkun nýrrar tækni í tungumálanámi og -kennslu.
- Samskipti á erlendum málum og notagildi þeirra, m.a. í menntun, menningu og atvinnulífi.

Markmið stofnunarinnar er að styðja við og efla rannsóknir og kennslu í tungumálum og menningu og að auka skilning á fjölbreytni og gildi tungumálakunnáttu og menningar. Stofnunin miðlar upplýsingum um tungumálanám og nýjungar í kennslu erlendra mála á öllum skólastigum. Hún stuðlar jafnframt að upplýstri umræðu í þjóðfélaginu um fjölbreytni, bókmenntir og menningu, tungumálanám og -kennslu, þýðingar og menningarlæsi með fyrirlestra- og ráðstefnuhaldi, útgáfu fræðiritra og þróun námsefnis og annarra gagna. Áhersla er lögð á að hagnýta máltækni í þágu tungumálanáms og tungumálarannsókna, m.a. með þróun nettengdra námskeiða, námsgagna og veforðabóka. Stofnunin skipuleggur fyrirlestraraðir, málþing og ráðstefnur og sér um útgáfu vefritsins *Milli mála – Tímarit um erlend tungumál og menningu*.

Innan Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum er að finna eftirtaldir undirstofur:

Vigdísarstofnun – Alþjóðleg miðstöð tungumála og menningar sem starfar undir merkjum UNESCO. Forstöðumaður er Sofiya Zahova.

Fornfræðistofa – vettvangur fyrir rannsóknir í fornfræðum og þverfræðilegt samstarf og verkefni sem varða málefni og miðlun fornfræði. Ábyrgðarmaður er Geir P. Þórarinsson.

STUTT – rannsóknarstofa í smásögum og styttri textum. Ábyrgðarmaður er Kristín Guðrún Jónsdóttir. Sjá [stutt.hi.is](http://stutt.hi.is)

GLÓSA – rannsóknastofa í orðabókafræði. Ábyrgðarmaður er Erla Erlendsdóttir.

RÍO – rannsóknastofa í orðasambandafræði. Ábyrgðarmaður er Oddný G. Sverrisdóttir.

## STJÓRN OG STARFSFÓLK

Stjórn Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum árið 2022 skipuðu Ásdís Rósa Magnúsdóttir prófessor í frönsku, formaður, Geir Þórarinn Þórarinsson aðjunkt í grísku og latínu, Jóna Guðrún Guðmundsdóttir, fulltrúi doktorsnema, Kristín Ingvarsdóttir, lektor í japönsku, og Oddný G. Sverrisdóttir, prófessor í þýsku. Varamenn voru Erla Erlendsdóttir, prófessor í spænsku, og Gísli Magnússon, prófessor í dönsku.

Ritnefnd stofnunarinnar skipuðu þær Ásdís Rósa Magnúsdóttir, Birna Bjarnadóttir og Kristín Guðrún Jónsdóttir, en Geir Þórarinn Þórarinsson og Þórhildur Oddsdóttir voru ritstjórar veftímarits Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, *Milli mála*.

Árið 2022 voru um 40 fræðimenn í Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum.

Starfsmenn Vigdísarstofnunar - Alþjóðlegrar miðstöðvar tungumála og menningar voru Sofiya Zahova, forstöðumaður og rannsóknasérfræðingur, Sigrún Alba Sigurðardóttir sýningarstjóri, Halldóra Jóhanna Þorlákssdóttir kynningarstjóri og Valgerður Jónasdóttir viðburðastjóri.



Stjórn Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum

# SAMSTARF

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur átti í góðu samstarfi á árinu við fjölmargar stofnanir, samtök og fyrirtæki, bæði innanlands og utan. Má þar nefna Menningar- og viðskiptaráðuneytið, Reykjavíkurborg, Borgarbókasafnið, Miðstöð íslenskra bókmennta, Bókmenntahátíð Reykjavíkur, bókaforlög, STÍL – Samtök tungumálakennara á Íslandi, Women Political Leaders (WPL), Norræna húsið, Tungumálamiðstöð Háskóla Íslands, Konfúsíusarstofnunina Norðurljós, Samtökin Móðurmál, Bandalag þýðenda og túlka, The Gypsy Lore Society, andrúm arkitekta, Gagarín, Sendiráð Bandaríkjanna, Danmerkur, Frakklands, Indlands, Ítalíu, Japans, Kanada, Kína, Póllands, Rússlands, Svíþjóðar og Þýskalands, háskóla víða um heim og menningarstofnanirnar Alliance Française og Goethe Institut.

# RANNSÓKNIR OG VERKEFNI

Auður Hauksdóttir leiðir samstarfsnetið **Sprog- og kulturkontakt i Vestnorden**, þar sem fræðimenn frá Danmörku, Færeyjum, Grænlandi, Noregi og Svíþjóð taka þátt. Netið hóf göngu sína árið 2015 og hafa rannsóknir þess beinst að tengslum tungumála og menningar á vestnorræna svæðinu í sögu og samtíð. Starfsemi netsins lýkur í byrjun árs 2023 með útgáfu rits um afrakstur samvinnunnar. Auður stýrir einnig rannsóknaverkefni um tengsl færeysku, íslensku og norsku við dönsku á tímabilinu 1850–1920 og þróunarverkefnið **EGO (Min egen Ordbank)**, sem er einstaklingsmiðuð stafræn starfsstöð fyrir nemendur í dönskunámi og aðra sem þurfa að tjá sig á dönsku. Verkefnin hafa m.a. hlotið styrki frá Nordplus Sprog og Kultur.

Ann-Sofie Gremaud tekur þátt í alþjóðlega verkefninu **The Art of Nordic Colonialism: Writing Transcultural Art Histories**. Þar er fjallað um hlutverk nýlendustefnunnar í sköpun og viðtöku lista og listasögu á Norðurlöndum og fyrrum nýlendum þeirra frá 1600 til dagsins í dag.

Auður Hauksdóttir og Birna Arnbjörnsdóttir eru í forsvari fyrir verkefnið **Sprogbarometer I og II**. Rannsóknirnar beinast að sambýli ensku, dönsku og heimamálanna í Færeyjum, Grænlandi og á Íslandi.

Ásdís R. Magnúsdóttir leiðir verkefni um **Viðtöku- og þýðingasögu franskra bókmennta á Íslandi**, með áherslu á þýðingar Hannesar Finnssonar í *Kvöldvökunum 1794*.

Birna Arnbjörnsdóttir er einn af forsvarsmönnum **WILA – Vinnustofu um erfðarmál í Norður- og Suður-Ameríku** og **PRISEAL**, alþjóðlegs samstarfsnets um ritun fræðigreina á ensku.

Erla Erlendsdóttir, Hólmfríður Garðarsdóttir og Nuria Frías Jiménez eru þátttakendur í norræna vinnuhópi alþjóðlega verkefnisins **Kortlagning spænsku í Evrópu**.

Geir Sigurðsson tekur þátt í alþjóðlegu verkefninum **Perceptions of Age and Ageing in Premodern China and Beyond** ásamt samstarfsaðilum frá Þýskalandi, Tékklandi, Slóveníu og Belgíu, og **Imaginary Worlds and Imperial Power: The Case of China** ásamt L'ubomir Dunaj við Háskólann í Vín.

Gísli Magnússon er aðalritstjóri alþjóðlega tímaritsins **Romantik – Journal for the Study of Romanticisms** sem gefið er út með styrk frá NOP-HS.



Hólmfríður Garðarsdóttir tekur þátt í verkefnunum **Women seeing Women**, sem fjallar um birtingarmyndir kvenna í kvikmyndum eftir konur í Rómönsku Ameríku, og **Decolon-Ice: Towards decolonizing curricula in Nordic higher education**.

**Icelandic Online** er samstarfsverkefni Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, Hugvísindasviðs og Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Verkefnisstjóri er Birna Arnbjörnsdóttir. Sjö Icelandic Online vefnámskeið í íslensku voru tekin til notkunar á tímabilinu 2004-2013, ætluð til sjálfsnáms í tölvum og snjalltækjum og öllum opin án endurgjalds. Um 260.000 manns víðs vegar um heim hafa skráð sig í námskeiðin, þar af eru um 85.000 virkir notendur. Frá 2019 hefur verið unnið að nýju námskeiði **Icelandic Online fyrir börn** á aldrinum 5-7 ára, sem opnar vorið 2023. Ritstjórar þess eru Birna Arnbjörnsdóttir, Halldóra Þorlákssdóttir, Þorgerður Anna Björnsdóttir, Kolbrún Friðriksdóttir, Úlfar Bragason og Branislav Bédi.

Ingibjörg Ágústsdóttir er í forsvari fyrir rannsóknaverkefni um **Norðurheimskautssvæðið í skoskum bókmenntum**, þar sem skoskar bókmenntir sem fjalla um Norðurheimskautssvæðið frá nítjándu öld til dagsins í dag eru kortlagðar.

Irma Erlingsdóttir og Ásdís R. Magnúsdóttir stýra verkefninu **Frönsk bylgja í íslensku leikhúslífi: 1960-2000**, en þar er sjónum beint að þýðingum og uppsetningum á frönskum leikhúsbókmenntum á þessu tímabili og áhrifum þeirra á íslenskt leikhús.

**Íslensk-frönsk veforðabók, LEXIA**, er samstarfsverkefni Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum og Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Verkefnið hófst árið 2015 og var orðabókin opnuð þann 16. júní 2021. Nú er unnið að þýðingu viðbótarorðaforða (5000 orð) og hlaut verkefnið styrk úr Styrktarsjóði Áslaugar Hafliðadóttur. Verkefnisstjóri og ritstjóri franska hlutans er Rósa Elín Davíðsdóttir. **Íslensk-spænsk veforðabók** er einnig í smíðum á vegum **LEXIU**. Ritstjóri spænska hlutans er Erla Erlendsdóttir.

Jón Ólafsson hlaut öndvegisstyrk árið 2019 til verkefnisins **Lýðræðisleg stjórnarskrágerð: Tekist á um borgarabátttöku, vald stofnana og sameiginleg gæði**, en í því er leitast við að rannsaka þá lærdóma sem draga má af íslenska stjórnarskrárfærlinu sem hófst árið 2010.

Sofiya Zahova stýrir alþjóðlega samstarfsnetinu **Roma in the Centre**, þar sem fjallað er um menningu, bókmenntir og málefni Rómafólks, og verkefninu **Romls: History and Ethnography of Roma in Iceland**. Sofiya er þátttakandi í evrópsku verkefni sem snýr að menntun og valdeflingu Rómakvenna og gengur undir nafninu **Educated Roma women, empowered Roma communities!**

Toby Erik Wikström leiðir verkefnið **Staging and Erasing the Global in Early Modern France**.

Þórhallur Eypórsson stýrir verkefninu **The Prepositional Absolute Construction in Icelandic: A synchronic, diachronic and comparative-typological perspective**. Hann tekur einnig þátt í rannsóknarnetinu **The Oxford History of North Germanic Morphology**.

**Nánar um rannsóknaverkefni: [svf.hi.is/is/rannsokir](https://svf.hi.is/is/rannsokir)**



Á fjarlægum ströndum TENGSL SPANAR OG ÍSLANDS Í TÍMANS RÁS

INNUDAGSMATUR og fleiri sögur Rómafólks

Hernaðarlist Meistara Sun

við kvikuna örsögur frá Rómönsku-Ameríku

Raddir frá Spáni Sögur eftir spænskar konur

LANGUAGES OPEN UP WORLDS | Words for Vigdís

LANGMÁL LJÚKA UPP HEIMUM | Orð handa Vigdís

LANG OG ÁBNER VERDENER | Orð tilegnet Vigdís Finnbogadóttir

Neruda Háfið starfar í þögn minni

Luis Borges Yfir saltan mar

Eliot Morð í dómkirkju

Rangan og réttan – Brúðkaup – Sumar Albert Camus

Franz Kafka UMSKIPTIN

# ÚTGÁFA

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum gefur út fræðirit og þýðingar á erlendum bókmenntum. Veftímarit stofnunarinnar, *Milli mála – tímarit um erlend tungumál og menningu*, kemur út tvisvar á ári. Tvímála ritröð stofnunarinnar er ætluð nemendum á sviði tungumála, bókmennta og hugvísinda en einnig unnendum erlendra fagurbókmennta og klassískra verka. Með einmála útgáfu stofnunarinnar er leitast við að kynna bókmenntir og höfunda sem alla jafna eru lítt þekkt hér á landi. Þýtt er úr frummáli og fylgir ítarlegur inngangur flestum verkanna. Smárit Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur er ritröð sem hóf göngu sína árið 2021 í tilefni af 20 ára starfsafmæli stofnunarinnar. Þar er að finna margvíslegan fróðleik um ólíka menningarheima og hugsun.

## MILLI MÁLA – TÍMARIT UM ERLEND TUNGUMÁL OG MENNINGU

Tvö hefti fjórtánda árgangs *Milli mála – Tímarits um erlend tungumál og menningu* komu út á árinu í opnum aðgangi á síðunni millimala.hi.is. Tímaritið birtir ritrýndar fræðigreinar á sviði erlendra tungumála, þýðinga, málvísinda og menntunarfræði. Einnig hefur skapast hefð fyrir birtingu bókmenntaþýðinga, einkum smásagna og styttri ritverka. Fyrra hefti fjórtánda árgangs er sérhefti sem ber yfirskriftina *Nýjar rannsóknir í annarsmálsfræðum og fjöltyngi á Íslandi* í gestaritstjórn Birnu Arnbjörnsdóttur. Síðara hefti ársins er almennt hefti og er þar að finna sex ritrýndar greinar um málvísindi, bókmenntir og þýðingafræði, auk einnar óritrýndrar greinar og tveggja þýðinga. Ritstjórar *Milli mála* árið 2022 voru Geir Þórarinn Þórarinsson og Þórhildur Oddsdóttir.

## TUNGUMÁL Í VÍÐU SAMHENGI

*Tungumál í víðu samhengi* er afmælisrit til heiðurs Birnu Arnbjörnsdóttur, prófessor í annarsmálsfræðum og fyrrum forstöðumanni Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, sem kom út í tilefni sjötugsafmælis hennar í mars 2022. Ritið hefur að geyma greinar eftir samstarfsmenn og nemendur Birnu og tengjast rannsóknum hennar á sviði erfðamála, sambýli tungumála, enskukennslu, tvítyngi, tungumálanámi, kennslufræði erlends og annars máls og tölvustuddu málanámi og -kennslu (CALL).

Ritið er gefið út af Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum. Ritstjórar voru Branislav Bédi, Halldóra Jóhanna Þorláksdóttir og Kolbrún Friðriksdóttir.

## **SPROGLIG OG KULTUREL MANGFOLDIGHED I LÆREMIDLER TIL SPROGUNDERVISNING I NORDEN**

Bókin byggir á niðurstöðum rannsóknarverkefnisins SPoK sem unnið var með þátttakendum frá Íslandi, Færeyjum, Finnlandi og Danmörku, með stuðningi Nordplus á tímabilinu 2018 – 2021. Í rannsókninni var fjöldi kennslubóka sem notaður er á Íslandi, Finnlandi, Færeyjum og Danmörku skoðaður til að komast að hvað börn og ungmenni á Norðurlöndunum læra um tungumál og menningu hinna Norðurlandanna, en niðurstöðurnar sýna að ólíkar nálganir og sjónarmið ráða för.

Bókin er gefin út af Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum og ritstjóri var Karen Risager.

## **GUADALUPE NETTEL – HJÓNABAND RAUÐU FISKANNA**

„Tengsl dýra og manna geta verið jafn flókin og þau sem sameina okkur mannfólkið,“ skrifar Guadalupe Nettel. Í sögunum fimm í *Hjónabandi rauðu fiskanna* fléttar höfundur örlög manneskjunnar við lífshætti bardagafiska, katta, kakkalakka og fleiri dýra, sem sum hver búa um sig í mannlíkamanum. Nettel (f. 1973) er frá Mexíkó og er meðal athyglisverðustu rithöfunda sinnar kynslóðar í Rómönsku-Ameríku.

Bókin er gefin út af Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum og Háskólaútgáfunni og styrkt af Miðstöð íslenskra bókmennta og Styrktarsjóði Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur. Kristín Guðrún Jónsdóttir þýddi sögurnar og skrifaði eftirmála. Ritstjóri var Ásdís R. Magnúsdóttir.

## **DALIA GRINKEVIČIŪTĒ – LITHÁARNIR VIÐ LAPTEVHAF**

Þann 14. júní 1941 var Dalia Grinkevičiūtė, 14 ára gömul, meðal þeirra þúsunda íbúa Eystrasaltsríkjanna sem sovísk yfirvöld fluttu nauðuga til Síberíu í þrælkunarvinnu. Bókin hefur að geyma minningar hennar frá fyrstu árum útleðarinnar og er vitnisburður um þá hryllilegu meðferð sem útlagarnir þurftu að sæta.

Bókin er gefin út af Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum og Háskólaútgáfunni og styrkt af Miðstöð Íslenskra bókmennta, Styrktarsjóði Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur og Lithuanian Culture Centre. Vilma Kinderyté og Geir Sigurðsson þýddu verkið. Geir Sigurðsson skrifaði inngang og Rebekka Þráinsdóttir ritstýrði.

### **AÐ VESTAN – ÍSLENSK-KANADÍSKAR SMÁSÖGUR**

W.D. Valgardsson, David Arnason og Kristjana Gunnars hafa með margvíslegum hætti tekið þátt í að móta ímynd íslenska frændgarðsins í Kanada en eru þó fyrst og fremst kanadískir höfundar. Þau hafa vakið verðskuldaða athygli í Kanada og víðar fyrir skáldverk sín, ekki síst smásögur. Þessir höfundar eru ólíkir innbyrðis og með sögunum veita þeir innsýn í margbreytilegt líf og hugsun vestan hafs. Um leið upplýsa sögurnar í bókinni lesendur um mikilvægi og grósku smásagnahefðarinnar í Kanada.

Bókin er gefin út af Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum og Háskólaútgáfunni og styrkt af Miðstöð Íslenskra bókmennta, Styrktarsjóði Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur og Sjóði Páls Guðmundssonar frá Rjúpnafelli. Guðrún Björk Guðsteinsdóttir þýddi sögurnar og skrifaði inngang. Birna Bjarnadóttir ritstýrði.

### **HANNES HAFSTEIN – ÓLGUBLÓÐ / RESTLESS BLOOD**

Einungis tvítugur að aldri steig Hannes Hafstein fram sem nýtt afl í íslenskum skáldskap. Ljóð hans þóttu einkennast af krafti, raunsæi og hispursleysi sem hristi upp í viðtekinni skáldskapartjáningu. Það úrval ljóða Hannesar sem birtist í þessari tvímála bók, á frummálinu og í enskum þýðingum, endurspeglar fjölbreytnina í skáldskap hans sem mótast með ýmsum hætti af ólgu tilfinningaverunnar andspænis náttúrunni, samskiptum kynjanna, íslenskri sögu og þjóðfélagi á tímamótum.

Bókin er gefin út af Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum og Háskólaútgáfunni og styrkt af Hollvinafélagi Hannesarholts og Styrktarsjóði Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur. Júlían Meldon D'Arcy og Ástráður Eysteinnsson þýddu ljóðin og Ástráður skrifaði inngang að verkinu. Birna Bjarnadóttir ritstýrði.



# VIÐBURÐIR

## FYRIRLESTRARÖÐ

Árið 2022 voru þrjú fyrirlestrar haldnir undir merkjum fyrirlestraraðar Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur:

8. mars: Hólmfríður Garðarsdóttir og Halldóra S. Gunnlaugsdóttir - Framandi en samt svo kunnuglegar

15. mars: Gísli Magnússon og Gunnar Hersveinn - Hvers vegna hræðumst við ímyndunaraflið?

19. apríl: Geir Þórarinn Þórarinsson og Þórir Jónsson Hraundal - Torlæsir, gamlir og framandi

## RÁÐSTEFNUR

### EUROCALL 2022

Árleg ráðstefna EUROCALL 2022 var haldin á rafrænan hátt dagana 16.-19. ágúst 2022 að tilstuðlan samtakanna EUROCALL (The European Association for Computer Assisted Language Learning) sem stofnuð voru til að stuðla að sköpun og miðlun þekkingar á sviði hagnýtra málvísinda, stafrænnar kennslufræði, stafræns læsis og tölvustuddra samskipta.

Þema ráðstefnunnar var „Tungumálanám byggt á gervigreind: gagnagreiningarkerfi og notandagögn“. Um 280 manns sóttu ráðstefnuna sem var skipulögð af Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, Háskóla Íslands og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

### Generation Asia Conference 2022

Generation Asia Conference 2022 var haldin í Veröld – húsi Vigdísar dagana 22.-26. ágúst í samstarfi við Nordic Institute of Asian Studies (NIAS).

### The Middle East in Myth and Reality

Ráðstefnan var haldin 22.-24. september á vegum Nordic Society for Middle Eastern Studies Conference.



## **NIC Conference 2022**

Ráðstefnan Nordic Intercultural Communication Conference 2022: Changing regional identities and intercultural communication var haldin 24.–26. nóvember í Veröld – húsi Vigdísar í samstarfi netsins Nordic Intercultural Communication (NIC) og Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur.

## **NORDAND 15**

Ráðstefnan var haldin dagana 24.-26. maí í samvinnu Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, Háskóla Íslands og Stofnunar Árna Magnússonar.

## **XII. Nordisch-Baltisches Germanisten Treffen**

Ráðstefnan var haldin dagana 8.-10. júní 2022. Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur, DAAD og Sendiráð Sambandslýðveldisins Þýskalands á Íslandi stóðu að ráðstefnunni.

## **SE17**

Fertugasta og fyrsta ráðstefna Society for Interdisciplinary French Seventeenth-Century Studies (SE-17) var haldin dagana 13.-15. október 2022 í Reykjavík. Ráðstefna SE-17 er alþjóðlegur vettvangur rannsókna um franskar bókmenntir og menningu 17. aldar. Hún fer fram árlega og í þetta skipti var hún haldin í samstarfi við Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur, Háskóla Íslands og Minnesotaháskóla.

## **MÁLÞING OG AÐRIR VIÐBURÐIR**

### **My nature and the North / Icelandic & Canadian Literature**

Í tilefni af 75 ára afmæli stjórnmálasambands Íslands og Kanada var efnt til málþings þann 18. maí um sagnahefð og bókmenntir Kanada og Íslands. Þátttakendur voru Birna Bjarnadóttir, Andri Snær Magnason, James Raffan og Elín Thordarson. Eliza Reid stjórnaði umræðum.

### **Systa í samstaðarígildinu**

Málþing um *Systu megin*, leiksögu Steinunnar Sigurðardóttur, var haldið 10. mars í samstarfi Forlagsins og Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur. Þátttakendur voru Guðmundur Andri Thorsson, Guðrún Steinþórsdóttir, Lára Björnsdóttir, Viðar Hreinsson og Steinunn Sigurðardóttir.

## Dagur spænskrar tungu

Dagur spænskrar tungu var haldinn hátíðlegur þann 23. apríl. Félag spænskukennara á Íslandi hélt viðburðinn í samstarfi við Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur og Sendiráð Spánar.

## Pólskir dagar í Veröld

Pólskir dagar voru haldnir í Veröld – húsi Vigdísar dagana 5.-7. apríl. Dagarnir voru skipulagðir af Tungumálamiðstöð Háskóla Íslands og Vigdísarstofnun í samstarfi við Háskólann í Varsjá og Sendiráð Póllands í Reykjavík. Sýndar voru tvær kvikmyndir og Justyna Zych hélt fyrirlesturinn *Emigration and Immigration in Contemporary Polish Literature and Film*.

## Pasolini hundrað sinnum (1922-2022)

Málstofa í tilefni af hundrað ára fæðingarafmælis Pier Paolo Pasolini var haldin 25. mars. Lesnir voru kaflar úr verkum Pasolinis sem og ljóðum, frásögnum og bréfum auk þess sem tónlist var flutt af Pamelu De Sensi flautuleikara og kvikmyndin „Mamma Roma” var sýnd. Viðburðurinn var styrktur af Istituto Italiano di Cultura di Oslo og Comites di Oslo.

## Richard Wagner og Ísland

Málþing um Richard Wagner og Ísland var haldið í Veröld – húsi Vigdísar þann 4. júní. Richard Wagner félagið á Íslandi stóð að málþinginu í samstarfi við Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur. Þátttakendur voru Selma Guðmundsdóttir, Árni Björnsson, Þórhallur Eypórsson, Danielle Buschinger og Árni Heimir Ingólfsson.

## Molière í 400 ár

Í tilefni þess að 400 ár voru liðin frá fæðingu þjóðskálds Frakka Molières var haldið málþing þann 12. október um leikrit hans í sögu og samtíð, í Frakklandi og á Íslandi í Veröld – Húsi Vigdísar. Þátttakendur voru Sveinn Einarsson, Hélène Merlin-Kajman, Irma Erlingsdóttir, Toby Wikström, Guðrún Kristinsdóttir, Hallgrímur Helgason og Ásdís R. Magnúsdóttir. Melkorka Tekla Ólafsdóttir stýrði umræðum og leikarar úr Þjóðleikhúsinu fluttu brot úr verkum leikskáldsins.

Þriðjudaginn 18. október efndi Þjóðleikhúsið til leiklesturs á nýrri þýðingu Sveins Einarssonar á Ímyndunarveikinni. Fjórir útvarpsþættir um Molière voru fluttir sem hluti af jóladagskrá

Ríkisútvarpsins á Rás 1 og voru þeir skipulagðir af Guðrúnu Kristinsdóttur, Ásdísi R. Magnúsdóttir, Irmu Erlingsdóttur og Toby Wikström.

Að Molière-dagskránni stóðu Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum við Háskóla Íslands, Þjóðleikhúsið, Sendiráð Frakklands á Íslandi, Ríkisútvarpið Rás 1 og Alliance française í Reykjavík.

### **Sunnan af Frakklandi. Málþing um konungasögur til heiðurs François-Xavier Dillmann**

Málþing til heiðurs franska miðaldafræðingnum og þýðandanum François-Xavier Dillmann var haldið í Snorrastofu í Reykholti þann 23. september 2022. Stofnun Árna Magnússonar, Snorrastofa og Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur stóðu að málþinginu. Þátttakendur voru Guðrún Nordal, Gunnar Harðarson, Alessia Bauer, Jan Alexander van Nahl, Ármann Jakobsson, Margaret Cormack, Óskar Guðmundsson og François-Xavier Dillmann.

### **Örþing um *Skírnarfjall* Dantes**

Örþing var haldið um ljóðabýðingar Einars Thoroddsen á *Skírnarfjalli (Purgatorio)* Dante Alighieri, í ritstjórn Jóns Thoroddsen, þann 29. október í Veröld - húsi Vigdísar.

Að örþinginu stóðu Björn Jónasson útgefandi, Einar Thoroddsen, Jón Thoroddsen, Eiríkur Jónsson og Sigurður Gísli Pálmason í samstarfi við Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur. Þátttakendur voru Pétur Gunnarsson, Þórarinn Eldjárn, Elín Hansdóttir, Eiríkur Jónsson og Einar Thoroddsen. Ljóð úr *Skírnarfjallinu* var lesið á fimm tungumálum.

### **So far, so close. Polish and Icelandic Romanticism**

Málþing um rómantísku stefnuna eins og hún birtist í verkum pólskra og íslenskra listamanna var haldið þann 4. nóvember 2022.

Málþingið var skipulagt af Sendiráði Póllands, Tungumálamiðstöð Háskóla Íslands, Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum og Bókmennta- og listfræðastofnun Háskóla Íslands. Þátttakendur voru Guðni Elísson, Jakub Pyda, Krystyna Jaworska og Sveinn Yngvi Egilsson. Stefano Rosatti og Guðrún Kristinsdóttir stjórnðu umræðum.

## VINNUSTOFUR KENNARA

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur fór af stað með vinnustofur fyrir kennara árið 2019, í samstarfi við STÍL – Samtök tungumálakennara á Íslandi og Tungumálamiðstöð Háskóla Íslands. Vinnustofurnar eru hálf dags námskeið þar sem kynntar eru nýstárlegar aðferðir við tungumálakennslu. Þær eru sérsniðnar að tungumálakennurum en öllum opnar.

Árið 2022 voru tvær vinnustofur haldnar í Veröld. Þann 12. febrúar fjallaði Kolbrún Friðriksdóttir um leiðir til að hvetja og virkja nemendur í netnámi og þann 12. mars skipulagði Carrie Ankerstein vinnustofu í kringum spurninguna „How to teach (English) pronunciation and what's important“.

## JAPANSHÁTÍÐ

Japanshátíð í samvinnu Sendiráðs Japans og nemenda og kennara í japönsku við Háskóla Íslands hefur verið haldin árlega í Veröld – húsi Vigdísar frá opnun hússins og dregið að fjölda gesta á öllum aldri. Vegna Covid-19 var hátíðin haldin á rafrænan hátt árið 2022 og boðið upp á glæsilega dagskrá rafrænna viðburða þann 29. janúar. Öll vinna við Japanshátíðina er unnin í sjálfboðavinnu nemenda og kennara deildarinnar.

# ÞAKKIR

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur þakkar öllum sem styrkt hafa starfsemi stofnunarinnar árið 2022: Miðstöð Íslenskra bókmennta, Styrktarsjóði Vigdísar Finnbogadóttur, Hugvísindastofnun og ekki síst íslenskum stjórnvöldum fyrir stuðning við starfsemi Vigdísarstofnunar - Alþjóðlegar miðstöðvar tungumála og menningar sem starfar undir merkjum UNESCO.

Þá er stjórn stofnunarinnar ásamt stjórnnum undirstofa, starfsfólki, rektor Háskóla Íslands, Jóni Atla Benediktssyni, Ólöfu Garðarsdóttur sviðsforseta, starfsfólki á skrifstofu sviðsins og Guðmundi R. Jónssyni, framkvæmdastjóra sameiginlegrar stjórnsýslu, þakkað ánægjulegt samstarf.

Að lokum vill stjórn Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum koma á framfæri þökkum til allra samstarfsmanna og velunnara fyrir margvíslegan stuðning við starfsemi stofnunarinnar.

# STOFNUN VIGDÍÐAR FINNBOGADÓTTUR Í ERLENDUM TUNGUMÁLUM

## ÁRSSKÝRSLA 2022

© Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum 2023

Brynjólfsgötu 1, 107 Reykjavík

<https://svf.hi.is>

<https://www.facebook.com/stofnunvf>

### Ársskýrsla

Ásdís Rósa Magnúsdóttir

Halldóra Jóhanna Þorlákadóttir

### Myndir

Gunnar Sverrisson

Halldóra Jóhanna Þorlákadóttir

Kristinn Ingvarsson



STOFNUN  
VIGDÍÐAR FINNBOGADÓTTUR  
Í ERLENDUM TUNGUMÁLUM



HÁSKÓLI  
ÍSLANDS